

DÝR Í ÚTRÝMINGARHÆTTU

Um Guðmund Einarsson frá Miðdal og náttúruna

Hilmar J. Malmquist, líffræðingur og forstöðumaður Náttúruinjasafns Íslands

Hugmynd að yfirlitssýningu á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal var kynnt á fundi Lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar haustið 2005 í tengslum við dagskrárgerð fyrir Kópavogsdaga, menningarhátíð sem haldin er ár hvert í fyrir og eftir afmæli bæjarins þann 11. maí.

Meginmarkmið með sýningunni er að vekja athygli og áhuga fólks á tengslum milli listar og náttúru. Sýningin er tvískipt, þannig að flestum dýrastyttum Guðmundar hefur verið stillt upp í Náttúrufræðistofunni, en öðrum verkum komið fyrir í Gerðarsafni, þ.m.t. olíu- og vatnslitaverkum, grafík og leirmunum öðrum en dýrakyns (með nokkrum undantekningum), svo sem skálum, vösum og stjökum. Með þessu móti eiga dýrin að verka sem agn og lokka til Náttúrufræðistofunnar listelskandi gesti, sem ella sæktu ekki heim safn með náttúrumunum. Öðrum þræði er þetta viðleitni til að upplýsa og fræða sem flesta um náttúru landsins, gerð hennar og eðli, undur og töfra, sögu og sérkenni.

Þetta er annað árið í röð sem menningarstofnanir á Borgarholtinu vinna saman að verkefni á þessu sviði. Í fyrra var sett upp á vegum Gerðarsafns samsýning sjö íslenskra glerlistamanna í húsakynnum Náttúrufræðistofunnar og Bókasafns Kópavogs. Sú sýning var í tengslum við alþjóðlegt glerlistarþing og sýningu á verkum Caroline Swash í Gerðarsafni og Leifs Breiðfjörðs í fordyri Salarins. Verkefnið tókst í alla staði vel. Sýningin var mjög vel sótt, sýningartíminn framlengdur um mánuð, og augljóst að nýir gestir heimsóttu Náttúrufræðistofuna, rétt eins og að var stefnt.

Með sýningunni nú er í fyrsta sinn í rúm 30 ár veitt heildstætt yfirlit yfir fjölbreyttan listaferil Guðmundar, þar sem samtímis eru sýnd verk sem hann vann í hina ólíku miðla á borð við olíu, vatnsliti, grafík, gifs, stein og leir. Það sætir nokkurri furðu með hliðsjón af því hve Guðmundur var fjölhæfur og afkastamikill og verk hans útbreidd, einkum leirmunirnir, að honum skuli ekki hafa verið hampað meira og efnt til fleiri sýninga er raun ber vitni. Þetta er einnig skýtið þegar haft er í huga að Guðmundur telst til frumherja íslenskrar myndlistar, a.m.k. á sviði leirmunagerðar og grafíkur, eins og listfræðingarnir Aðalsteinn Ingólfsson, Kristín Guðnadóttir og Eiríkur Þorláksson hafa fjallað um í greinarskrifum.

Vafalítið liggja ýmsar ástæður að baki þessu tómlæti í garð Guðmundar. Hann var töluvert umdeildur maður í lifanda lífi og eimdi eftir af því nokkuð lengi eftir að hann lést snemma á sjöunda áratugnum, tæplega sjötugur að aldri. Hann var afar íhaldssamur í viðhorfum til lista og listamanna og hafði nær hvaðeina á hornum sér sem viðkom nýjungum og gerjun á listasviðinu. Í þessum efnum, eins og mörgum öðrum, lá hann ekki á fastmótuðum skoðunum sínum og viðraði

þær óspart í ræðu og riti, en á ritvellingum var hann bæði vel ritfær og býsna afkastamikill. Margir samtíða Guðmundi, jafnt meintir fjendur sem nánir vinir, fengu að heyra það óþvegið frá honum.

Og það gustaði af Guðmundi á fleiri sviðum. Hann var virkur þátttakandi í félagslífi, átti drjúgan þátt í stofnun Bandalags íslenskra listamanna og gegndi þar gjaldkerastöðu um árabil. Hann var annálaður ferðagarpur og hreystimenni, ötull talsmaður hollra lífshátta og líkamsræktar og vann brautryðjendastarf á sviði ferðamála, m.a. með stofnun Fjallamanna árið 1939, sjálfstæðrar deildar innan Ferðafélags Íslands. Þá var hann mikill laxveiðimaður og vel kunnur í þeirri listgrein að sveifla flugu á stöng. Jafnframt naut Guðmundur fjárhagslegrar velgengni og lifði um tíma praktuglega af list sinni, ólíkt flestum samtíða listamönnum. Framleiðsla leirmuna í Listvinahúsinu, verkstæði og fyrirtæki Guðmundar, varð mjög ábatasöm um nokkurra ára skeið og það var einkum hún sem skilaði Guðmundi góðri innkomu.

Tómlæti í garð Guðmundar má vafalítið einnig rekja til tengsla hans við Þýskaland og meintrar hollustu við nasisma. Guðmundur stundaði nám við listaháskólann í München 1921-1925 á gerjunartímum nasista, og hann var tvíkvæntur þýskum konum, fyrst Theresiu Zeitner og síðar Lydiu dóttur hennar. Hann átti að auki margt þýskra vina sem heimsóttu hann og hann greiddi götu fjölmargra annarra Þjóðverja sem hingað komu í ýmsum erindagjörðum. Vegna þessara tengsla mátti Guðmundur þola ýmsar aðdróttanir, þ.á m. um að stunda njósnir í þágu Þjóðverja og vera hallur undir nasisma og Hitler. Ekki virðist vera neinn fótur fyrir þessum ásökunum, eins og rakið hefur verið t.d. í bók Illuga Jökulssonar, *Guðmundur frá Miðdal*, sem kom út 1997. Á hinn bóginn er augljóst að saman fóru að mörgu leyti hjá Guðmundi og nasistum aðdáun og rómantísk upphafning á hinu þjóðlega, hetjulega og forna í sögu og menningu norrænna samfélaga. En hér landi var slík þjóðernishyggja fjarri því að vera bundin við Guðmund frá Miðdal. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga á ofanverðri 19. öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu var gegnsýrð af rómantískri þjóðernishyggju í þeirri mynd sem Guðmundur byggði list sína að hluta til á. Hún átti sannarlega drjúgan þátt í mótun sjálfsmyndar þjóðarinnar og því að lýðveldið Ísland var stofnað árið 1944.

Nú er öldin önnur og vonandi nógu langt um liðið til þess að menn geti spáð í Guðmund og list hans lausir við hvers kyns óvild og ómaklegar athugasemdir um dramb og neikvæða þjóðernishyggju.

Náttúra landsins var aðalinnblástur og höfuðviðfangsefni í list Guðmundar frá Miðdal. Hið sama gilti um aðra frumherja af fyrstu kynslóð íslenskra listamanna. Og sennilega er ekki ofsögum sagt að síðan hafi allar kynslóðir íslenskra myndlistarmanna sýnt íslensku landslagi stöðugan og mikinn áhuga. Í hugmyndafræði Guðmundar var náttúran tákn þess sem var íslenskt og upprunalegt.

Einkennandi viðfangsefni í olíu- og vatnslitaverkum Guðmundar eru fjöll og firnindi ásamt dýra- og sveitalífsmyndum. Oftar en ekki eru fyrirmyndirnar frá óbyggðum og afskekktum svæðum á hálendinu, af fjöllum og stöðum sem engir höfðu þá séð áður og jafnvel fáir komið til enn í dag. Guðmundur var líka frækinn ferðagarpur, frumkvöðull á sviði hálendisferða og ferðaðist út um

allar trissur og kleif fjöll og jökla, ekki aðeins hér heima heldur einnig í útlöndum. Óvíst er hvort nokkur myndlistarmaður fyrr eða síðar hefur ferðast eins mikið um Ísland og Guðmundur og komist í jafn nána snertingu við náttúruna og hann.

Náin kynni Guðmundar af náttúrunni má einnig rekja til áhuga hans og viðleitni til að hagnýta náttúruleg gæði landsins. Hann stóð m.a. að könnunarferðum þar sem jarðvegssýnum var safnað og þau send út til greiningar á hentugleika til leirvinnslu. Þar hafði Guðmundur bæði í huga listræna vinnslu á skrautumunum og iðnaðarframleiðslu til húsagerðar. Hann kom einnig að fyrirætlunum um vinnslu á gulli í Miðdal, en ekkert varð úr þeim áformum þar sem blikur voru á lofti um að seinni heimsstyrjöldin væri að skella á. Aftur á móti átti Guðmundur sinn þátt í að Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, klæddi Þjóðleikhúsið að utan, fyrst húsa, með mulningsblöndu af kvarsi, silfurbergi og hrafntinnu. Þessi aðferð í húsagerðarlist varð síðan vinsæl og útbreidd um allt land og setur víða fallegan svip á einstök hús og bjæjarhverfi.

Landslagsmyndir Guðmundar einkennast af krafti og átökum, hreyfingu og iðulega dökkum jarðarlitum. Yfirleitt eru drættir fremur grófir, einfaldir og fletir stórir. Náttúran er mjög nærri áhorfandanum, fjöllin fylla oft út í myndrammann og nánast steypast yfir mann. Nærvera náttúrunnar birtist líka í dýramyndunum. Dýrin, svo sem rjúpur, svanir, selir og sauðnaut, já sauðnaut, eru fremur fá en stór og teygja sig yfir megnið af myndfletinum. Sjaldan er að finna lognmollu eða heiðríkju, fremur rok, þoku og rigningu.

Guðmundur tók einnig fyrir í myndum sínum náttúrufræðingum sem enginn annar gerði á þeim tíma, en það voru eldsumbrot og jarðhitagufur á hverasvæðum. Jarðhiti varð ekki viðfangsefni í íslenskri myndlist að neinu marki fyrr en um tveimur áratugum eftir að Guðmundur var allur, og þá með ljósmyndataekni undir merkjum nútímalistar.

Íhygli og glöggskyggni Guðmundar gagnvart umhverfinu blasa við hvar sem borið er niður í verkum hans og gjörðum. Hann nálgast náttúruna ekkert síður sem vísindamaður en listamaður. Þetta kemur hvað skýrast fram í fjölmörgum ferðapistlum þar sem hann lýsir náttúrufræðingum og staðháttum jafnan af mikilli þekkingu og skilningi. Þetta birtist líka í mörgum ljósmyndum Guðmundar, en hann tileinkaði sér snemma ljósmyndataeknina við iðju sína og margvíslega skrásetningu á ferðalögum. Hann lagði einnig fyrir sig kvikmyndun upp úr seinni heimsstyrjöldinni og náði góðum tókum á þeirri tækni. Kvikmynd hans um Heklugosið 1947 er einna athyglisverðasta kvikmyndaverk hans og merk náttúrufræðileg heimild.

Væntumþykja og djúpstæð virðing Guðmundar fyrir náttúrunni eru grundvallaratriði í afstöðu hans til umhverfisins og sýn á lífið. Í huga hans var náttúran hrein, upprunaleg og frjáls, uppspretta sem nærði og göfgaði mannsandann. Undir þessa náttúrusýn er vel hægt að taka, m.a. með þeirri tilvísun að enginn meðvitaður tilgangur liggur til grundvallar náttúrufræðingum á borð við fjöll og villtar lífverur. Tilurð og tilvist hins náttúrulega er laus við allt gildishlaðið mat og önnur breysk gildi manna, sem oftast en ekki eru tengd pólitískum hagsmunum og öðrum veraldlegum ófullkomleika. Þetta „mannlega tilgangsleysi“ í náttúrunni er m.ö.o. hið „hreina“, „frjálsa“ og „upprunalega“ sem svo oft er kennt við náttúruna. Frelsi og hreinleiki eru einkar

eftirsóknaverð gæði og skýrir líkast til ekki aðeins af hverju náttúra Íslands átti afar sterk ítök í Guðmundi frá Miðdal, heldur einnig í langflestum öðrum listamönnum landsins fyrr og síðar.

Náttúrusýn Guðmundar, virðing og væntumþykja fyrir umhverfinu, á fullt erindi til okkar í dag, enda þótt tilefnið sé allt annað en Guðmundur gat líklega séð fyrir. Hér á ég við málefni náttúruverndar og sérstaklega baráttuna fyrir verndun hálandisins, eftirlætisvettvangi Guðmundar, sem svo mjög er þjarmað að nú á tímum stóriðjustefnu. Aldrei fyrr hefur þörfin á boðskap um vistvæna nýtingu náttúrunnar eins og Guðmundur sá fyrir sér verið brýnni en einmitt nú. Með núverandi stefnu og skilningi hins opinbera að leiðarljósi í málefnum orkufrekrar og mengandi stóriðju glötum við fyrr en varir dýrmætustu náttúrugersemum landsins, sem eru lítt spillt og öröskuð hálandisviðernin. Þeim verður ekki bjargað eftir að af stað er farið með stíflu- og vegagerð, skurðgröft, gerð miðlunarlóna og raflínulögn. Mál er löngu til komið að spá í langtímaúrlausnir í náttúrunýtingu landsins og styðjast við úrræði sem kosta miklu minni náttúrufoðrnir en fylgja orkufrekri stóriðju.

Það er athyglisvert með Guðmund, eins dyggilega og hann hélt á lofti merkjum raunsæis, þjóðlegrar táknhyggu og hinu hlutbundna í listsköpuninni, hve mikið hið óhlutbundna fær að njóta sín í verkum hans. Þetta er einna augljósast í vatnslitaverkunum og á það hefur Kristín Guðnadóttir listfræðingur bent. Í mörgum þessara verka fá eiginleikar vatnsins og pappírsins að ráða miklu um endanlega form- og litauppbyggingu myndanna.

Þegar grannt er skoðað má einnig finna tilvísun í afstrakt í leirmunagerð Guðmundar, einkum í dýrastyttunum. Þannig má t.d. segja um flestar fuglategundirnar, að hrafninum undanskildum, að þær spanni nær allt litrófið hvað varðar samsetningu og áferð lita og að engar tvær styttur séu eins. Snjótittlingurinn er mjög gott dæmi um þetta. Hann finnst í öllum regnbogans litum, að neongrænum meðtöldum, og hver fugl hefur sína áferð, fínyrjóttu eða flekkóttu. Svipað gildir um rjúpunna, hún fyrirfinnst jafnt í Parísarbláum sem rústrauðum lit, einlit, freknótt og skellótt.

Borið saman við dýrastytturnar úr konunglega danska postulíninu frá Bing & Grøndal eru dýrastytturnar hans Guðmundar hrein afstraktverk. Ólíkt íslensku dýrunum eru þau dönsku einkar löguleg, slétt og felld og nákvæm eftirmynd fyrirmyndanna og það sem helst skilur á milli er að allir einstaklingar hveirrar tegundar eru eins á litinn og nostursamlega málaðir. Það vantar sem sagt einstaklingsbreytileikann í dönsku leirfánuna. Þar með vantar eitt helsta undirstöðuatriði náttúrunnar. Dýrin hans Guðmundar búa yfir þessari náttúru og það er eitt af því sem er mjög heillandi við þau.

Það er af sem áður var þegar leirmuni Guðmundar var að finna á nær öðru hverju heimili landsins. Í dag eru dýrastyttur Guðmundar frá Miðdal að sönnu í útrýmingarhættu vegna fágætis. Söfnunar- og varðveislugildið er aldrei meira en undir slíkum kringumstæðum. Þegar um jafn forgengilega og viðkvæma hluti er að ræða og brothættar leirstyttur þá týna þær auðveldlega tölunni með tímanum. Leirstytturnar lágu líka vel við höggi þar sem þær stóðu óvarðar á innskotsborðum eða í gluggakistum og vafalítið hafa margar styttur brotnað í mál vegna óvitaskapar yngstu kynslóðarinnar.

En dýrin hans Guðmundar kunna einnig að hafa helst úr lestinni með meðvituðum hætti, eins og lesa má í Skilaboðum til Söndru eftir Jökul Jakobsson. Þar er því haldið fram að hippakynslóðin róttæka, sem gaf skít í öll viðtekin borgaraleg og þjóðernisleg gildi, hafi ráðið öllu um það að rjúpunni hans Guðmundar, skjaldarmerki heimila og tákni „Íslensks menningararfs“, var hafnað og laumast af skömm með hana út í öskutunnu.

En í þessu eins og svo mörgu öðru sannast hið fornkveðna að byltingin étur börnin sín. Nú er nefnilega svo komið fyrir hippakynslóðinni, sem eitt sinn hafnaði Guðmundi alfarið, að hún keppist við að eignast stytur eftir hann og býður fúlgur fjár fyrir. Rjúpur og fálkar eru á ný gefnar mönnum á miðjum aldri eins og við fimmtugsafmæli fyrir hálfri öld. Meira að segja smáfuglarnir hans Guðmundar, „fjöldafrableiddir tákngervingar lágmenningar“, eru rifnir út fyrir rokverð og staldra stutt við í búðum.

Hilmar J. Malmquist 2006. Dýr í útrýmingarhættu. Um Guðmund Einarsson frá Miðdal og náttúruna. Bls. 21-27.

Í: Maðurinn í náttúrunni – Náttúran í mannum. Guðmundur Einarsson frá Miðdal. Sýning í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs, 6. maí – 2. júlí 2006. Ritstjóri: Guðbjörg Kristjánsdóttir. Listasafn Kópavogs.